

# OKKAR Barn í vændum

## Trygging fyrir verðandi móður og fyrir barn í móðurkviði

### HUGTAKA- OG ORÐASKILGREININGAR:

**Félagið:** Sá sem með samningi skuldbindur sig til að veita váttryggingu, hér OKKAR líftryggingar hf.

**Váttryggingartaki:** Sú barnshafandi kona (væntanleg móðir) sem gerir einstaklingsbundinn samning við félagið, á skráð lögheimili á Íslandi og er búsett á Íslandi.

**Váttryggðir:** Þeir einstaklingar sem váttryggingin tekur til, væntanleg móðir og ófætt barn eða börn sem móðir gengur með.

**Váttryggingaratburður:** Atvik sem samkvæmt váttryggingarsamningi veldur því að til greiðslu bóta getur komið.

**Váttryggingarskirteini:** Staðfesting félagsins á því að váttryggingarsamningur hafi verið gerður.

**Váttryggingarfjárhæð:** Þær bótaupphæðir sem gilda um mismunandi þætti váttryggingarinnar. Váttryggingarfjárhæðir eru tilgreindar við hvern bótabátt fyrir sig.

**Váttryggingatímabil:** Gildistími váttryggingarinnar.

**Réttthafi:** Sá sem váttryggingartaki tilgreinir í váttryggingarumsókn og á rétt til þess að fá váttryggingarfjárhæðina greidda eftir að váttryggingaratburður hefur orðið. Sé enginn réttthafi tilgreindur gilda ákvæði laga nr. 30/2004 um váttryggingasamninga eftir því sem við á.

**Fæðingarskaði:** Tjón sem barnið verður fyrir beint af völdum fæðingarinnar.

**Fæðing fyrir tímann:** Ef barn fæðist fyrir tímann þ.e. fyrir 38. viku meðgöngu.

**ICD-kóði:** Við sjúkdómsgreiningar er notuð íslensk útgáfa af ICD-10, alþjóðlegu flokkuninni á sjúkdómum og heilbrigðisvandamálum, sem Alþjóðaheilbrigðisstofnunin WHO hefur staðfest. ICD-10 á að nota þó flokkunin breytist eða greiningarkóðum sé breytt eða bætt við. Flokkunina er að finna á heimasíðu Landlækniseimbættisins.

**Sérfræðingur:** Með sérfræðingi í skilmálum þessum er átt við lækni með sérfræðipróf í þeirri sérgrein sem við á.

### 1. GR. INNGANGUR

Grundvöllur váttryggingarsamningsins eru skilmálar þessir, upplýsingar á váttryggingarumsókn og önnur gögn sem tengjast samningnum bæði við upprunalega gerð hans og síðar.

Ákvæði laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004 gilda varðandi þau atriði sem ekki eru ákvæði um í váttryggingarskilmálum þessum sem og önnur lög eftir því sem við á. Ákvæði í váttryggingarskirteini, váttryggingarskilmálum þessum og tilkynningu um aðalgjaldlega ganga framar frávikjanlegum lagaákvæðum.

### 2. GR. UM GILDISTÖKU VÁTTRYGGINGARINNAR OG GILDISTÍMA

Váttryggingartaki getur tekið trygginguna þegar liðnar eru 22 vikur af meðgöngunni og gildir hún frá þeim tíma. Meðgöngulengd sem váttryggingartaki tilgreinir á váttryggingarumsókn gildir nema skýr gögn sýni fram á annað.

Váttryggingin getur fyrst tekið gildi þegar umsókn hefur verið móttækin, samþykkt og greiðsla iðgjalds borist félaginu. Tryggingin gildir til 6 mánaða aldurs barns þess er tryggingin tekur til.

Váttryggingartaki hefur 30 daga iðrunarfrest til að segja váttryggingunni upp frá þeim tíma er honum barst tilkynning frá félaginu um gildistöku samningsins.

#### 2.1 GILDISSVIÐ

Váttryggingin greiðir bætur skv. ákvæði 5. gr. vegna atburða sem eiga sér stað á gildistíma tryggingarinnar, eins og nánar er kveðið á um í skilmálum þessum, sbr. þó 6. gr.

### 3. GR. IÐGJALD

Iðgjald tryggingarinnar er föst fjárhæð, 18.000 kr. og greiðist sú fjárhæð fyrirfram nema um annað sé samið.

### 4. GR. SVIK OG RANGAR UPPLÝSINGAR OG HEIMILD TIL UPPSAGNAR Á VÁTTRYGGINGUNNI

Hafi váttryggingartaki vanrækt upplýsingaskyldu sína, sviksamlega eða með þeim hætti sem ekki telst óverulegur, hvað varðar atvik sem þýðingu hafa við mat félagsins á áhættunni, getur það haft í för með sér að ábyrgð félagsins falli niður í heild eða að hluta, uppsögn samningsins eða hækkun iðgjalds, sbr. XII kafla laga nr. 30/2004.

Félagið getur sagt váttryggingunni upp séu einhver þeirra skilyrða uppfyllt sem tilgreind eru í XII kafla laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga.

Váttryggður getur sagt váttryggingunni upp hvenær sem er á váttryggingartímanum. Váttryggingunni skal sagt upp skriflega.

### 5. GR. VÁTTRYGGINGIN BÆTIR

Váttryggingin greiðir bætur til móður eða réttthafa sem tilgreindur er á umsókn, sé móðir ekki til staðar:

- Örorkubætur vegna sjúkdóms eða slyss barns
- Bætur vegna umönnunar barns á heimili
- Eingreiðslu vegna tiltekinna sjúkdóma barns
- Bætur vegna sjúkrahúsvistar barns
- Dánarbætur vegna barns eða móður
- Hjálpartæki vegna slyss barns
- Örorkubætur vegna slyss móður

#### 5.1. SKILGREININGAR

##### Varanleg læknisfræðileg örorka

Með varanlegri læknisfræðilegri örorku í váttryggingu þessari er átt við að sjúkdómur eða slys hafi haft í för með sér varanlega skerðingu á líkamlegri getu hins váttryggða af völdum váttryggingaratburðarins.

Örorku skal meta í hundradshlutum samkvæmt töflum örorku-nefndar um miskastig sem í gildi eru þegar örorkumat fer fram.

Varanleg læknisfræðileg örorka er í fyrsta lagi metin ári eftir að tjónsatburður varð og þegar ástand hins váttryggða er orðið stöðugt að mati sérfræðings.

##### Sjúkdómur

Með orðinu „sjúkdómur“ er átt við heilsubrest sem ekki flokkast undir slys hér á eftir. Sjúkdómurinn hefur í för með sér að líkamleg eða andleg færni hins váttryggða skerðist sannanlega vegna hans. Upphaf sjúkdómsins miðast við greiningardag.

Undir sjúkdóm falla afleiðingar fæðingar fyrir tímann og fæðingarskaði eins og hann er skilgreindur hér að framan.

##### Slys

Með orðinu „slys“ er hér átt við skyndilegan utanaðkomandi atburð sem veldur meiðslum á líkama váttryggðs og gerist án vilja hans.

#### 5.2 BÓTARÉTTUR VEGNA VARANLEGRAR LÆKNISFRÆÐILEGRAR ÖRORKU

Rétturinn til bóta vegna varanlegrar læknisfræðilegrar örorku skapast þegar sjúkdómur eða slys hefur valdið varanlegri skerðingu á líkama hins váttryggða, og ástand hans er stöðugt sbr. skilgreiningu hér að framan. Þegar um varanlega læknisfræðilega örorku er að ræða skapast réttur til greiðslu bóta vegna örorku í fyrsta lagi 12 mánuðum eftir að sjúkdómur greindist eða slysið varð og fyrir liggur örorkumat sem staðfestir varanlegar afleiðingar.

Fresta má örorkumati svo lengi sem þörf krefur samkvæmt lækisfræðilegri reynslu eða vegna fyrirbyggjandi möguleika á endurhæfingu, þó ekki lengur en í 10 ár frá tjónsatburði. Við útgreiðslu bóta er miðað við vísitölu neysluverðs í mánuðinum á undan tjónsdegi og bótafjárhæðin uppfærð í samræmi við breytingar á vísitölunni þar til í mánuðinum fyrir uppgjörsdag.

Endurskoða má áður metna örorku ef skerðing á líkamsvirkni breytist verulega.

Ef váttryggður andast áður en réttur til bóta vegna varanlegrar lækisfræðilegrar örorku hefur skapast eru bætur vegna varanlegrar lækisfræðilegrar örorku ekki greiddar út. Hafi réttur til bóta vegna örorku skapast er borguð út til rétthafa upphæð sem samsvarar staðfestri varanlegri lækisfræðilegri örorku sem talið er að hafi legið fyrir við andlátíð.

### 5.3 VÁTRYGGINGABÆTUR VEGNA BARNIS

Mismunandi fjárhæðir greiðast til móður eða rétthafa, sé móðir ekki til staðar, eftir því hvers kyns tjón um er að ræða.

#### 5.3.1 Varanleg lækisfræðileg örorka

Bætur eru greiddar í einu lagi vegna varanlegrar lækisfræðilegrar örorku ef slyss eða sjúkdómur leiðir á váttryggingartímanum til varanlegrar lækisfræðilegrar örorku skv. skilgreiningu hér að ofan, innan þriggja ára frá því váttryggingaratburðurinn átti sér stað.

Heildarörorkustig getur hæst orðið 100%. Sjúkdómar sem hafa lækisfræðileg tengsl eru taldir einn og sami sjúkdómurinn.

Bótafjárhæðin ræðst af örorkustigi sem tilgreint er í örorkumati. Bæturnar eru sá hluti váttryggingarfjárhæðar sem samsvarar lækisfræðilega örorkustiginu í prósentum talið.

Hámarksbætur skv. þessari grein eru 12.000.000 kr.

#### 5.3.2 Bætur vegna ákveðinna sjúkdóma

Váttryggingaratburður telst verða vegna sjúkdóms ef barn greinist með einhvern eftirtalinn sjúkdóma á váttryggingartímabilinu.

Skilyrði er í öllum tilfellum að greining sé staðfest af sérfræðingi á viðeigandi sviði og myndast bótaréttur í fyrsta lagi 30 almanaksdögum eftir að greining er staðfest. Látist barnið innan þessara 30 daga greiðast engar bætur skv. þessu ákvæði.

Váttryggingarfjárhæðin greiðist aðeins vegna einnar eftirfarandi sjúkdómsgreininga jafnvel þótt barnið greinist með fleiri þeirra.

Bætur greiðast ef barnið fæðist með:

- CP-heilalömun ICD G80
- Meðfætt vatnshöfuð ICD Q03
- Klofinn hrygg ICD Q05
- Meðfædda hjartagalla sem krefjast aðgerða fyrir 6 mánaða aldur ICD Q20-Q26
- Klofna vör eða góm ICD Q35-Q37
- Alvarlegar vanskapanir í kviðvegg eða þind ICD Q79.2, Q79.3
- Downsheilkenni ICD Q90

Bætur eru ekki greiddar ef sjúkdómsgreining er bein afleiðing fæðingar fyrir tímann eða fæðingarskaða samkvæmt skilgreiningu 5.1 sem fæst bætt sem varanleg lækisfræðileg örorka.

Bætur skv. þessari grein eru 500.000 kr. sjá þó 3. mgr. 5.3.2.

#### 5.3.3 Dánarbætur

Váttryggingin greiðir váttryggingartaka bætur vegna váttryggðs barns sem deyr á váttryggingartímabilinu, óháð dánarorsök.

Við greiðslu dánarbóta skv. þessari grein fellur váttryggingin úr gildi. Bætur eru 200.000 kr.

#### 5.3.4 Umönnunarbætur

Váttryggingin greiðir umönnunarbætur til váttryggingartaka ef hann á rétt á umönnunarbótum frá almannatryggingum vegna sjúkdóms

eða slyss hins váttryggða barns sem verður á váttryggingartímabilinu.

Ef breyting verður á umönnunarbótum almannatrygginga breytast bæturnar frá félaginu einnig á samsvarandi hátt. Falli umönnunarbætur almannatrygginga niður falla umönnunarbætur félagsins einnig niður.

Bætur eru greiddar árlega eftir á með tólfta hluta ofangreindrar bótaupphæðar fyrir hvern mánuð sem umönnunarbætur vara. Bætur eru að hámarki greiddar í þrjú ár. Ef barnið deyr fellur bótaréttur niður frá og með næsta mánuði eftir andlátíð.

Hámarksbætur eru 800.000 kr. á ári í allt að þrjú ár.

#### 5.3.5 Bætur vegna sjúkrahúsdvalar

Váttryggingin greiðir váttryggingartaka fasta upphæð ef sjúkdómur eða slyss leiðir til þess að váttryggt barn er lagt inn á sjúkrahús í a.m.k þrjú daga samfelt á váttryggingartímabilinu. Tryggingin bætir einnig umönnun á vökudeild vegna fæðingar fyrir tímann.

Fjárhæðin er greidd frá fyrsta degi og nemur ákveðinni fjárhæð á dag, að innlagnar- og útskriftardögum meðtöldum. Ef um fjölburafæðingu er að ræða fyrir tímann greiðist einungis ein föst upphæð fyrir hvern dag.

Bætur skv. þessari grein eru greiddar að hámarki í 180 daga eða til sex mánaða aldurs barnsins.

Bætur skv. þessari grein eru 4.000 kr. á dag. Hámarksgreiðsla er 720.000 kr.

#### 5.3.6 Hjálpartæki vegna varanlegrar örorku af völdum slyss

Ef fyrirsjáanlegt er að slyss muni leiða til varanlegrar lækisfræðilegrar örorku greiðir váttryggingin til váttryggingartaka nauðsynlegan kostnað vegna kaupa eða leigu á hjálpartækjum. Hjálpartæki skal vera tilvísiað af lækni og vera nauðsynlegt til að draga úr örorkuástandi og auðveldna daglegt líf barnsins.

Félagið verður að samþykkja fyrirfram kaup á hjálpartæki og kvittun í frumriti skal fylgja með í kjölfarið.

Bætur skv. þessum lið eru ekki greiddar vegna kaupa eða leigu á vélknúna ökutæki.

Hámarksbætur skv. þessari grein eru 1.000.000 kr. innan 5 ára frá slysi.

### 5.4 VÁTRYGGINGABÆTUR VEGNA MÓÐUR

#### 5.4.1 Varanleg lækisfræðileg örorka vegna slyss

Bætur eru greiddar út í einu lagi vegna varanlegrar lækisfræðilegrar örorku móður vegna slyss eða afleiðinga slyss sem leiðir til varanlegrar lækisfræðilegrar örorku innan þriggja ára frá því að váttryggingaratburðurinn átti sér stað. Skilyrði er að örorkustig nái 15%.

Heildarörorkustig getur hæst orðið 100%. Bótaréttur er til staðar þegar örorkumat liggur fyrir og búið er að staðfesta varanlega lækisfræðilega örorku en þó í fyrsta lagi einu ári eftir að slysið varð eða þegar ástandið er orðið stöðugt að mati sérfræðings.

Bótafjárhæðin ræðst af örorkustigi sem tilgreint er í örorkumati. Bæturnar eru sá hluti váttryggingarfjárhæðarinnar sem samsvarar örorkustiginu í prósentum talið.

Látist móðir áður en endanlegt uppgjör fer fram er greitt til rétthafa upphæð sem samsvarar staðfestri varanlegri lækisfræðilegri örorku. Bótaréttur samkvæmt þessu ákvæði er ekki til staðar ef móðir deyr innan árs frá því váttryggingaratburður varð.

Hámarksbætur eru 8.000.000 kr.

#### 5.4.2 Dánarbætur

Váttryggingin greiðir bætur til rétthafa vegna andláts móður á váttryggingartímabilinu óháð dánarorsök.

Bætur skv. þessari grein eru 500.000 kr.

#### 6. GR. TAKMARKANIR Á BÓTARÉTTI

Þær takmarkanir sem hér eru tilgreindar eiga hvorki við um andlát né þau tilvik sem talin eru upp í ákvæði 5.3.2 hér að framan.

#### 6.1 TAKMARKANIR Á VARANLEGRÍ LÆKNISFRÆÐILEGRÍ ÖRORKU

Sjúkdómar barns og greiningar, ástand sem og afleiðingar þeirra sem leiða til varanlegrar læknisfræðilegrar örorku sem váttrygging tekur ekki til eru eftirfarandi:

- Efnaskiptasjúkdómar, t.d. meðfæddur skortur á skjaldkirtilshormóni.
- Vansköpun ytri eða innri líffæra og litningafrávik, t.d. Downsheilkenni eða meðfæddur hjartagalli.

Tryggingin nær ekki yfir sjúkdóm, líkamsgalla, geðræna þroskaröskun eða afleiðingar þess ástands ef læknisfræðileg reynsla sýnir að meinsemdin eða arfgeng sjúkdómshneigð var fyrir hendi fyrir fæðingu

#### 6.2 GRÓFT HIRÐULEYSI, MISNOTKUN OG REFSIVERÐ HÁTTSAMI

Bætur má fella niður alveg eða að hluta ef tjón stafar af grófu hirðuleysi t.d. vegna áfengis, fíkniefna, lyfja eða annarra vímuegja eða örvandi efna.

Bætur má fella niður að fullu eða að hluta ef barn veikist eða slasast af völdum neyslu móður á áfengi, annarra vímuegja, svefnlyfjum, fíkniefnum eða örvandi efnum.

Þessi takmörkun á þó ekki við um andlát.

#### 6.3 HEIMSFARALDUR

Tryggingin nær ekki yfir sjúkdóma sem Alþjóðaheilbrigðisstofnunin (WHO) hefur staðfest sem heimfaraldur.

Þessi takmörkun á ekki við um andlát.

#### 6.4 DVÖL ERLENDIS

Váttryggingin gildir á Norðurlöndunum. Dvöl utan Norðurlanda telst ekki rofin af stuttum heim söknum (skemmi en 45 daga) vegna t.d. læknisheimsókna, sjúkrahúsdvalar, viðskipta, sumarfrís eða þess háttar.

#### 7. GR. SKYLDUR VÁTRYGGINGATAKA VIÐ TJÓNSATBURÐ

Verði tjón sem talið er að váttryggingaskilmálar þessir taki til, skal váttryggður tilkynna það félaginu án ástæðulauss dráttar og ef félagið metur þörf á, mæta til skoðunar hjá þeim lækni sem félagið tilnefnir.

Váttryggður glatar rétti til bóta ef krafa er ekki gerð um bætur til félagsins **innan árs** frá því að hann fékk vitneskju um þau atvik sem hún er reist á.

Krafa um bætur eða váttryggingarfjárhæð fellur í gjalddaga 14 dögum eftir að fullnægjandi sannanir hafa borist fyrir bótaskyldu félagsins og unnt er að ákveða fjárhæð bótanna. Félagið áskilur sér rétt til þess að afla nauðsynlegra og fullnægjandi gagna áður en bætur eru ákveðnar og greiddar.

#### 8. GR. RÉTTHAFI VÁTRYGGINGARFJÁRHÆÐAR

Hafi váttryggingartaki ekki tilnefnt réttthafa váttryggingarfjárhæðar gilda ákvæði XV kafla laga nr. 30/2004 eftir því sem við á.

#### 9. GR. IÐGJALDABREYTINGAR OG RÉTTUR TIL BREYTINGA Á SKILMÁLUM

Félagið áskilur sér rétt til að breyta skilmálum og iðgjaldi váttryggingarinnar á váttryggingartímanum, sbr. 133. gr. laga nr. 30/2004.

#### 10. GR. FYRNING

Um fyrningu bótakrafna fer eftir ákvæðum laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga sem og lögum um fyrningu kröfuréttinda nr. 150/2007 og annarra almennra reglna eftir því sem við á.

#### 11. GR. ÁGREININGUR UM BÓTASKYLDU

Með frágangi formlegs málskots og greiðslu málskotsgjalds er unnt að leggja ágreining um bótaskyldu, sök og sakarskiptingu auk ágreinings um atriði, er varða ákvæði laga nr. 30/2004, fyrir Úrskurðarnefnd í váttryggingamálum, sem vistuð er hjá Fjármálaeftirlitinu. Upplýsingar um nefnd þessa og starfshætti veitir Fjármálaeftirlitið.

Þjónusta nefndarinnar eða málskot til hennar skerðir ekki rétt hlutaðeigandi til að leggja málið fyrir almenna dómstóla hér á landi.

#### 12. GR. FRESTUR TIL LÖGFRÆÐILEGRA AÐGERÐA

Hafni félagið kröfu um bætur í heild eða að hluta glatar sá sem telur sig eiga rétt til bóta þeim rétti ef hann hefur ekki höfðað mál eða krafist meðferðar málsins fyrir úrskurðarnefnd skv. 141. gr. laga nr. 30/2004 innan árs frá því að hann fékk skriflega tilkynningu um höfnunina frá félaginu, sbr. 124. gr. laganna.

#### 13. GR. MÁLSMEÐFERÐ

Mál sem rísa kunna vegna váttryggingar þessarar skulu rekin fyrir héraðsdómi Reykjavíkur.

Skilmálar nr. HL1065  
Gilda frá og með 15.11.2013